

Breiðagerðisskóli 2009 – 2010



1.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	4
Nestis- og matarmál nemenda.....	4
Heimanám.....	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska	7
Stærðfræði	13
Samfélagsfræði.....	18
Náttúrufræði	20
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði	22
Lífsleikni.....	24
Upplýsinga og tæknimennt.....	26
Myndmennt	30
Textílmennt	32
Hönnun og smíði	34
Tónmennt.....	36
Heimilisfræði.....	38
Skólaíþróttir	40
Sund	42
Dans	43
Útikennsla.....	45
Sérkennsla	46

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 1. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2007), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla.

Kennarar í árganginum

Gyða Sigurjónsdóttir	umsjónarkennari
Sigurjóna Sigurbjörnsdóttir	umsjónarkennari;
Valgerður Morthens	kennari
Kristín Hjartardóttir	stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Garðarsdóttir	bókasafn
Valgerður Árnadóttir	sund
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Halldór Ásgeirsson	íþróttir
S.Reynir Ragnildarson	íþróttir
Hildur Björnsdóttir	textílmennt
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	dans
Kristín Einarsdóttir	myndmennt
Sigrún Erla Hákonardóttir	tónmennt
Steinunn Þórhallsdóttir	heimilisfræði

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Hefð er í skólanum fyrir tveimur bekkjarskemmtunum að frumkvæði kennara eða bekkjarfulltrúa, á fyrri hluta haust- og vorannar. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis- og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennur hluti bls.16 segir m.a. um menntun: „Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur“. Við skipulag og matseðlagerð í Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Þar er lögð áhersla á að þau börn sem borða góðan morgunverð heima ætti að nægja ávöxtur, mjólkurglas eða jafnvel vatnsglas í morgunnesti.

Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Þeir geta einnig keypt mjólk í morgun- og hádegisnesti.

Breiðagerðisskóli vill í samvinnu við foreldra stuðla að hollum lífsvenjum og vellíðan nemenda. Því viljum við hvetja til þess að börnin komi með ávexti eða grænmeti í morgunnesti. Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur

dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu bréfleiðis eða með tölvupósti frá kennurum.

Heimanám

Heimanámið í 1. bekk byggir á aðstoð foreldra/forráðamanna. Mjög mikilvægt er að heimanámi sé vel sinnt heima fyrir. Kannanir hafa sýnt fram á að ef foreldrar sinna heimanámi vel og sýna náminu áhuga, þá hefur það áhrif á námsárangur barnanna.

Lestur alla daga vikunnar

Skriftaræfingar

Sögugerð

Orðasafn

Verkefni í stærðfræði

Námsmat

Námsmati í 1.-4. bekk er skipt í leiðsagnamat og lokamat.

Leiðsagnamatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list- og verkgreinum á yngra stigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Sjálfsmat er notað nokkrum sinnum á vetri.

Lokamatið byggist á skriflegri umsögn að vori og er afhent síðasta skóladaginn.

Ág	(afburðagott)	95%-100%
Mg	(mjög gott)	80%-94%
G	(gott)	60%-79%
Ng	(nokkuð gott)	50%-59%

Nemandi sem nær minna en 50% námsmarkmiða er ekki að vinna við hæfi.

Námsmarkmið hjá nemenda sem nær minna en 50% námsmarkmiða þarf því að endurskoða.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennararnir bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Umsjónarkennarar hafa umsjón með ákveðnum nemendum en samskipti við foreldra/forráðamenn eru að mestu leiti sameiginleg. Árgangurinn skiptist í tvo vinnuhópa (hópur eitt og hópur tvö) sem eru breytilegir út skólaárið. Auk þess er listgreinakennsla, heimilisfræði, leikfimi og sund. Árgangurinn fær útikennslu og vinnur saman að þemaverkefnum. Markmiðið með hópaskiptingu, útikennslu og þemaverkefnum er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra, venja þá við að vinna með ólíkum einstaklingum og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur:

- séu hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- fái þjálfun við hæfi í framburði íslenskra málljóða
- fái þjálfun í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og læri að hlusta á aðra
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga, t.d. þegar upp koma vandamál og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- endursegi og /eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- fái tækifæri til að syngja algenga barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng, m.a. sem tengjast jólum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- hlusti á upplestur, sögur, ævintýri og ljóð bæði sem kennari les og flutt er á annan hátt.
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu og að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- vinni með eigin frásagnir og sögur til að örva þá til lesturs
- vinni fjölbreytt verkefni við hæfi sem örva þá til lesturs
- lesi bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara
- vinni verkefni við hæfi sem auka orðaforða og efla les- og málskilning
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka, bæði í kennslustofu og á skólabókasafni
- læri nokkrar vísur, þulur og ljóð
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum
- fari á skólasafn og skoði og lesi þar bækur
- þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er notað við byrjendakennslu í lestri í 1. bekk. Byrjendalæsi byggir á samvirkum lestrarkennsluaðferðum. Móðurmálskennslan er heildstæð og vefur saman í eina heild lestur, ritun, málvísi, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem kennari les fyrir nemendur og orðaforði nemenda er styrktur með umræðum um hann. Lykilorð úr textanum er notað sem tæki til skoðunar á orðmyndun og til rannsóknar á lettri, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift o.fl. Orðaforði úr textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það

eru svo nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lesturs. Ritunin kemur inn á þann hátt að nýr texti er unninn og byggir hann á orðaforða þess texta sem upphaflega var unnið með. Mikilvægt er að vinna með lestrarkennsluna í lotum. Þátttöku nemenda má skipta í fjögur stig þ.e. sýnikennslu, þátttöku nemenda, virkni þeirra með stuðningi og sjálfstæð vinnubrögð. Til að gera kennsluna skilvirka og fjölbreytta er nauðsynlegt að nota margvíslegar kennsluaðferðir. Með því aukast líkurnar á því að kennarinn mæti þörfum allra.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki skriftaráttina
- þjálfist í fínhreyfingum með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfist í að draga til stafs
- fái margs konar tækifæri til að skrifa á þann hátt sem þeir eru færir um
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfir eða með aðstoð
- skrái sjálfir eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í rituðu máli og skrái sjálfir eða með aðstoð

Málvísi

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning í tengslum við lestrarnám

- fá tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt með rími og orðaleikjum
- fá tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt

Efnisþættir

Bókstafir og hljóð þeirra, stafrófið, sérhljóð og samhljóð, orð, setningar, greinamerki, söngvar, þulur, rím, orðaleikir, lestur (upplestur, hljóðlestur, yndislestur, leitarlestur), skrift, ritun, sögu- og ljóðagerð, hlustun, umræður.

Leiðir að markmiðum

Nemendur þjálfast í íslensku í öllum námsgreinum í grunnskólans en áherslurnar geta verið mismunandi eftir námsgreinum. Unnið er að settum markmiðum í námsgreininni „íslenska“ á eftirfarandi hátt:

Í upphafi hvers dags er oftast byrjað í heimakrök þar sem unnið er með markvissa málörvun (rím, orðaleiki, ljóð, þulur, söngva og vísur). Nemendur hlusta á upplestur á völdum sögum í tengslum við stafainnlögn og ræða efni sögunnar og einstök orð og orðasambönd. Valin eru lykilorð úr hverri sögu þar sem farið er yfir hvern staf og hljóð hans. Við lykilorðavinnu er farið í hvernig stafir í orðinu eru skrifaðir. Nemendur og kennari finna í sameiningu ný orð úr stöfum lykilorðsins sem skráð eru á töflu. Einnig fá nemendur tækifæri til að vinna sjálf með stafi lykilorðs og spreyta sig í að gera sín eign orð eftir því sem færni þeirra eykst í slíkri orðavinnu. Í byrjendalæsi er áhersla á endurtekningu og í tengslum við hana þjálfast nemendur í kórlestri og öðlast færni í honum með því að lesa sögurnar sem unnið er með í stafainnlögn. Unnið er með bókstafi og hljóð í skólastofu og heima, þar sem nemendur lesa upphátt eða segja frá því sem þeir skrifuðu í sögubók sem alltaf er unnin í heima. Nýttir eru helstu þættir byrjendalæsis og hljóðaaðferðarinnar. Nemendur lesa í hljóði og vinna verkefni tengd textanum

eftir lestrarfærni hvers og eins. Nemendur lesa upphátt fyrir kennara eins oft og hægt er að koma því við. Leitast er við að nemendur fái lestrarbækur við hæfi til heimalestrar og vinni verkefni við hæfi sem auka lestrarfærni þeirra og lesskilning. Nemendur taka sérstakt lesskimunarpróf sem segir til um hvort þeir geta átt í lestrarerfiðleikum og fá viðeigandi lestrar – og málþjálfun í kjölfarið. Kennt verður að halda rétt á skriffærum og draga rétt til stafs.

Skriftarkennsla hefst í tengslum við innlögn á stöfum og tengist þeim sögum sem við lesum hverju sinni í tengslum við byrjendalæsisaðferðina.

Farið er í ýmis málfræðileg hugtök samhliða lestrarnáminu.

Námsgögn

Bækur sem kennari velur í tengslum við stafainnlögn, Lestrabækur við hæfi hvers og eins, Listin að lesa og skrifa 1 – 4 (lestrarbækur og verkefnabækur), Það er leikur að læra (vinnubækur), ýmis þjálfunarverkefni og verkefnablöð sem unnin eru í tengslum við byrjendalæsi, stafavísur, hljóðsögur, kennsluforrit.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem skoðaðir eru ýmsir þættir eins og frumkvæði, áhugi, vinnufærni og framfarir. Fylgst er með heimalestri og framförum í lestri. Lögð eru fyrir lesskimunarpróf. Nemendur fá skriflegt lokamat að vori.

[Hér](#) má sjá námsmatskvarða sem stuðst er við í 1. – 4. bekk í ritun

Heimanám

Heimalestur 7 daga vikunnar

Heimalestur felst í því að foreldrar lesa fyrir börn sín annars vegar og hlusta á þau lesa hins vegar. Tíminn sem börnin lesa fyrir foreldra eykst smátt og smátt eftir því

sem lestrarfærni barnanna eykst. Börnin fá lestrarbækur við hæfi og foreldrar kvitta fyrir hlustun í þar til gerða bók.

Skriptaræfingar

Nemendur nota verkefnabækurnar Listin að lesa og skrifa (1-4) til að þjálfa sig í skrift .

Sögugerð

Nemendur vinna í sögubók af og til. Vinnan felst í því að: teikna myndir og semja sögur; skrifa sögur um myndir o.fl. Þeir nemendur sem geta skrá textann sjálfir, annars með aðstoð.

Orðsafn

Nemendur skrá niður orð í tengslum við heimalestur. Eftir heimalestur velur foreldri/forráðamaður 5 orð úr textanum eftir þörfum og getu nemandans og les þau upphátt fyrir hann. Nemandinn skráir orðin niður og leiðréttir síðan þau orð sem þarf með aðstoð foreldris/forráðamanns.

Að lokum má geta þess að unnið er með þróunarverkefnið *Byrjendalæsi* og fléttast vinna tengd því á margvíslegan hátt við skólastarfið.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#).

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Stærðfræði og tungumál

Meginmarkmið

Að nemendur

- skrái tölulegar upplýsingar um sjálfan sig
- safni gögnum og skrái í súlurit
- leysi verkefni í samvinnu við skólafélaga sína
- noti mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna

Lausnir verkefna og þrauta.

Meginmarkmið

Að nemendur

- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum
- leysi þrautir þar sem raða þarf hlutum og flatarmyndum

Röksambengi og röksemdarfærslur

Meginmarkmið

Að nemendur:

- meti hvort fullyrðingar sem settar eru fram eru sannar
- flokki rökkubba eða safn smáhluta eftir eiginleikum og rökstyðji flokkun sína

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Meginmarkmið

Að nemendur

- leysi verkefni sem varða daglegt líf
- skoði form í nánasta umhverfi sínu
- prófi ýmis mælitæki
- vinni með klukku, læri að lesa af henni hvað tímanum líður og lesa stundatöflu
- vinni með tímatal, t.d. tímaröð atburða og dagatal

Tölur

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að þekkja talnagildi og talnaröð frá 1 – 100
- læri að skrifa tölustafina
- telji hluti eða fólk
- skoði tölur á talnalínu
- leiki frjálst með vasareikna
- vinni með talnaþulur

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Meginmarkmið

Að nemendur

- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn

- skipti safni þar sem afgangur verður og ræði um leiðir til að skipta afganginum þannig að hann gangi upp
- kynnist víxlreglu í samlagningu, t.d. með kubbalengju
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning.

Mynstur og algebra

Meginmarkmið

Að nemendur

- leiti að mynstrum í umhverfinu, s.s. símynstri sem endurtekningu í tíma (t.d. hljómfalli) eða rúmi
- tákni gefið mynstur með mismunandi gögnum, t.d. kubbum, litum, orðum, hljóðum eða teikningum.

Rúmfræðin

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri heiti grunnforma (ferningur, ferhyrningur, þríhyrningur, hringur)
- þjálfist í ýmiss konar byggingarleikjum
- skoði þrívíða hluti, t.d umbúðir, lýsi þeim, beri þá saman og flokki eftir eiginleikum, t.d. lögun, stærð eða lit
- leiti að ákveðnum formum í umhverfi sínu
- raði hlutum eftir eiginleikum
- mæli lengd hluta í umhverfinu með óstöðluðum einingum
- fari í leiki þar sem notuð eru hugtök sem tengjast staðsetningu s.s. fyrir framan, aftan, ofan, neðan, til hliðar, nálægt, norður, suður, austur, vestur

Tölfræði og líkindafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- noti áþreifanlega hluti til að gera súlurit
- taki þátt í umræðum um þær upplýsingar sem súluritin gefa. Af hverju er mest ? Af hverju er minnst ? Hverju munar ? Hve mikið samtals ?

Efnisþættir

Tölur 0 – 100, talning, talnaskilningur og talnaskrift, reikniáðgerðir- samlagning, frádráttur, greining, flokkun, rökkubbar og eiginleikar þeirra, form og mynstur – hliðrun - speglun, tími, sléttar tölur, oddatölur, raðtölur, mælingar, talnalína, stærri en, minni en, jafnt og, sætiskerfi, tugur – eining, þrívíð form, vasareiknir, söfnun upplýsinga, skráning, peningar.

Leiðir að markmiðum

Kennsla fer aðallega fram sameiginlega í bekknum með innlögn, umræðum, sýnidæmum á töflu, notkun myndvarpa og hlutbundinnar kennslu. Nemendur fylgjast að í sömu bók við úrlausnir verkefna en komið er á móts við ólíkar þarfir nemenda. Notuð eru ýmiss kennslutæki s.s. kennslupeningar, kubbar, talnagrindur, speglar, reglustikur / málbönd og vasareiknar til að hjálpa nemendum að skilja betur viðfangsefnið.

Stærðfræði kemur við sögu í fleiri greinum t.d. útikennslu þar sem nemendur fást við ýmis verkefni s.s. talning, form, speglun og fleira.

Námsgögn

Kátt er í Kynjadal, Sproti 1 nemendabók og æfingahefti. Eining 1 og 2., vinnublöð sem fylgja Einingabókunum og önnur vinnublöð sem unnin eru af kennara eru líka

notuð. Sætisgildiskubbar, kubbar, sentíkubbar, talnagrindur, rökkubbar, hlekkir, brotabútar, kennslupeningar, form, mælistikur, málbönd, smáhlutir, pinnabretti, vogir o.fl.

Námsmat

Námsmat er byggt á leiðsagnarmati þar sem skoðaðir eru ýmsir þættir eins og frumkvæði, áhugi, vinnufærni og framfarir.

Lokamatið byggir á því að nemendur fá skriflega umsögn að vori.

Heimanám

Nemendur fá heimanám í stærðfræði aðra hverja viku.

Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á eigin líkama og tilfinningum og sú þekking verði undirstaða að skilningi þeirra á að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur og jákvæður.
- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- efli samkennd og leggja áherslu á að þeir virði hver annan í leik og starfi
- skilji mikilvægi reglna í skólanum og þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans
- kynnist því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum
- læri hver þjóðhátiðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr

Efnisþættir

Íslensk menning, barnið sjálft, fjölskyldan, skólinn og nánasta umhverfi.

Leiðir að markmiðum

Unnið er með nemendur í hópum þar sem kennari leggur inn efnið og börnin hafa tækifæri til að leggja sitt til málanna og miðla af eigin reynslu.

Farið er í hugtökin sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók og myndskreyta.

Námsgögn

Ýmis verkefnablöð.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað og er vinna nemenda í tímum og vinnubækur þeirra metnar.

Heimanám

Ekkert.

Náttúrufræði

Markmið í náttúrufræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- þekki og vinni með hugtökin : Hiti, kuldi og frost
- kanni eiginleika vatns
- skoði steina og flokki þá eftir ólíkum eðliseiginleikum
- fjalli um veðurfar
- þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- þjálfist í að nota heiti og hugtök yfir sjáanlega líkamshluta
- læri um hollustu matar, m.a. með tilliti til tannverndar
- læri hvað verður um matinn sem við borðum

Efnisþættir

Árstíðirnar, veður, vatn, hitabreytingar, húsdýr, líkaminn.

Leiðir að markmiðum

Unnið er með nemendur í hópum þar sem kennari leggur inn efnið og börnin hafa tækifæri til að leggja sitt til málanna og miðla af eigin reynslu.

Farið er í hugtökin sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók og myndskreyta.

Námsgögn

Um mig og þig, Svona erum við, Umhverfið, Árstíðirnar, Blaðgræna. Ýmis verkefnablöð.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað og vinna nemenda í tímum og vinnbækur metnar.

Heimanám

Ekkert.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið í kristinfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sinn
- öðlist þekkingu á kristinni trú og skoði sjálfan sig, umhverfi sitt og samskipti við aðra í ljósi hennar
- kynnist frásögunni af fæðingu Jesú
- heimsæki kirkju
- þekki tilefni páskanna
- geri sér ljóst hvað bæn er

Efnisþættir

Jólin, fæðing Jesú og krossfesting, upprisan, páskar, hvítasunna. Kirkjan okkar.

Dæmisögur og bænir.

Leiðir að markmiðum

Unnið er með nemendur í hópum þar sem ýmis mál eru rædd eins og munurinn á réttu og röngu, að kunna að fyrirgefa, geta sett sig í spor annarra og að koma fram við náungann af virðingu og kærleika. Unnið er markvist að því að nemendur sýni jákvæða hegðun. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók og myndskreyta

Námsgögn

Dæmisögur og ýmis verkefnablöð.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað og vinna nemenda í tímum og vinnubækur metnar.

Heimanám

Ekkert.

Lífsleikni

Markmið í lífsleikni er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- læri að taka tillit til annarra og að geta sett sig í spor þeirra og skilji afleiðingar orða sinna og gerða
- læri að hlusta á aðra og sýna kurteisi
- átti sig á tilfinningum sínum og annarra

Efnisþættir

Tilfinninga - félagsþroski, einelti, samskipti.

Leiðir að markmiðum

Ákveðið viðfangsefni er lagt fyrir hverju sinni. Nemendur taka þátt í umræðum og læri að hlusta á hvort annað án þess að trufla. Lífsleikni er stór hluti af lífi okkar í skólanum og öll tækifæri sem upp koma eru nýtt til að taka á þessum þáttum.

Mikilvægt er að hafa það í huga að allar námsgreinar skólans fela í sér lífsleikni.

Námsgögn

Stig af stigi, Ýma tröllastelpla, ýmis verkefni.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað og er virkni nemenda í tímum, framkoma og tillitsemi við samnemendur metið.

Heimanám

Ekkert

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)
Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Tæknilæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- líti á það sem eðlilegan hlut að nota tölvu til náms
- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- geti kveikt á tölvum og jaðartækjum og náð í forrit sem notuð eru
- geti gengið rétt frá forritum og öðrum jaðartækjum
- geti beitt tölvumús við tölvuvinnslu
- hafi lært staðsetningu stafa og talna á lyklaborði samhliða færni í lestri og stærðfræði

Efnisþættir

Tölvuforrit, lyklaborð, mús, veraldarvefurinn.

Kennsluaðferðir og námsgögn

Nemendur hafa á sínum vinnusvæðum tölvur til notkunar með öðrum kennsluaðferðum. Aðallega eru notuð forrit og vefir í íslensku, stærðfræði og færniæfingar fyrir mús og lyklaborð. Nemendur skiptast á að nota vélarnar 3-6 í einu.

Námsmat

Leiðasagnarmat í tímum þar sem virkni og áhugi nemenda eru ræddur við nemendur.

Heimanám

Ekkert

Upplýsingalæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- komi reglulega á skólasafnið og viti hvar það er í skólanum
- læri meðferð bóka og annarra gagna á safninu
- geti fundið bækur og önnur gögn sem ætluð eru yngstu notendum skólasafnsins
- séu hvattir til lesturs

Efnisþættir

Hlusta, skoða, umræður, lestur, bækur.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á skólasafninu.

Útbúin eru verkefni við hæfi hverju sinni þar sem m.a. er unnið með stafrófið.

Athygli og áhugi barnanna á lestri er vakin með því að kynna fyrir þeim bækur og höfunda með reglulegum upplestri. Nemendur læra að finna bækur við sitt hæfi.

Námsgögn

Útbúin eru verkefni við hæfi hverju sinni. Safngögn.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Menningarlæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti einbeitt sér við að hlusta á upplestur og rakið efni sögu í stórum dráttum
- geti tekið þátt í umræðum um tiltekið efni

Efnisþættir

Hlusta, einbeiting, umræður,lestur.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu.

Nemendur hlusta reglulega á upplestur í tímum. Vekja athygli og áhuga barnanna á bókum og lestri með því að kynna fyrir þeim safnkostinn og kenna þeim að leita að efni við þeirra hæfi.

Námsgögn

Útbúin eru verkefni við hæfi hverju sinni og safngögn.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í

Meginmarkmið

Að nemendur:

- Hlusta vel og vanda sig
- Ganga vel um og vinna með öðrum
- Koma vel fram og kurteislega
- Læri fjölbreyttar aðferðir
- Geti tjáð og lýst eigin reynslu á myndrænan hátt
- Þekki nokkur grunnhugtök myndlistar
- Upplifi myndlist á jákvæðan hátt og sjálfsmynd þeirra styrkist

Leiðir :

Þemavinna

Hópvinna

Vettvangsferðir

Myndefni: bækur,glærur, skyggjur,tölvur

Hlustun: á sögur og tónlist

Efnisþættir:

Eru litافرæði, formfræði,myndbygging og listasaga, áhersla eftir aldri nemenda.

Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum

áhöldum. Í nokkrum verkefnum koma fleiri en einn þáttur við sögu og kallast

það blönduð tækni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; áhugi/frumkvæði, kurteisi/tillitssemi, fyrirmæli/vinnulag, vandvirkni/frágangur og samvinna. Engin einkunn er gefin að vori.

Textílmenn

Markmið í textílmenn er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- læri að efla verklag , vinnugleði og frumkvæði.
- læri góða umgengni um stofu efni og áhöld.
- læri einföldustu vinnubrögð í mismunandi efni.
- læri helstu hugtök og heiti textílmennar.
- læri að þræða nál.
- læri að sauma þræði spor og fleiri einfaldar sporgerðir
- læri að ganga frá endum.
- læri að vefa.
- læri að vinna myndverk í efni eftir eigin teikningu.

Efnisþættir

Nemendur þræða nál og ganga frá endum

Nemendur vefa á spjald

Nemendur sauma þræði spor og fleiri sporgerðir

Nemendur vinna myndverk í efni eftir eigin teikningu

Leiðir að markmiðum

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að getu hvers og eins og áhersla lögð t.d. á að nemandi geti sjálfur klippt, þrætt nál og gengið frá endum.

Hópavinnna þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem fer fram samhliða náminu og byggist á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list og verkmennta: Áhuga og frumkvæði, kurteisi og tillitsemi, fyrirmælum og vinnulagi, vandvirkni, frágangi og samvinnu.

Ekki er gefin skrifleg umsögn.

Heimanám

Ekkert.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíða er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist grunnhugtökum og heitum tengd greininni
- kynnist helstu grunnþáttum viðar- og efnisfræða
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í réttri líkamsbeitingu við vinnu sína
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- þjálfist í sjálfstæðri hugsun í hönnun og sköpunarferli
- tileinki sér góða hlustun og eftirtekt
- tileinki sér góða umgengni um efni, áhöld og starfsaðstöðu
- tileinki sér kurteisi, góð samskipti og hjálpsemi

Efnisþættir

Notkun sandpappírs, notkun laufsagar, samsetning með trélími, mismunandi yfirborðsmeðferð, einföld sniðagerð, samhengi orku, jafnvægis og ójafnvægis og hreyfingar, að búa til nytjahlut með listrænum áherslum.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki

námsgreinarinnar. Í verkefnum nemenda reynir kennari að styðjast við samþættingu annarra námsgreina eins og kostur er.

Námsgögn

Verkfæri smíðastofunnar og ýmiskonar efni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; áhugi/frumkvæði, kurteisi/tillitssemi, fyrirmæli/vinnulag, vandvirkni/frágangur og samvinna. Engin einkunn er gefin að vori.

Heimanám

Ekkert.

Tónmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í

Meginmarkmið

Að nemendur

- finni sameiginlega ánægju af að syngja og hlusta á valda tónlist
- dansi og hreyfi sig í takt við ýmiskonar tónlist
- læri íslensk barnalög og ýmis sönglög
- þjálfist í að syngja hreint og með skýrum framburði
- kynnist skólahljóðfærum og læri að umgangast þau
- hlusti markvisst á tónlist og dýpki tónlistarskilning sinn
- taki þátt í einstaklings- og hópvinnu við margskonar tónlistarflutning

Efnisatriði

Söngur, markviss hlustun, hreyfing, leikur á hljóðfæri skólastofunnar, vinna í vinnubók.

Leiðir að markmiðum

Hópvinna og samvinna við flutning og sköpun tónlistar, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik.

Einstaklingsvinna í vinnubók í tónmennt við skrifleg verkefni og hlustun.

Námsgögn

Vinnubækur, kennslubækur og söngbækur samkvæmt árgangi, ýmiskonar viðbótarkennsluefni og hlustunarefni, skólahljóðfæri.

Sagan af Tobba túbu – hljóðfærakynning með verkefnum

Nemendur fá 1 kennslustund á viku auk morgunsöngs hálfsmánaðarlega.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list- og verkmennta ; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna
Ekki er gefin skrifleg umsögn.

Heimanám

Ekki heimanám

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- viti að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir
- kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar
- bragði matvælin sem unnið er með
- læri að þvo sér um hendur áður en byrjað er að matreiða
- geri sér grein fyrir að örverur eru til í umhverfi okkar (borðklútur)
- læri orð og hugtök sem tengjast viðfangsefninu
- geti deilt með öðrum og unnið saman
- læri að þvo upp áhöldin sem þeir notuðu og ganga frá þeim

Efnisþættir

Hollar matarvenjur, tannvernd, hreinlæti, samvinna, samábyrgð.

Leiðir

Innlögn verkefnisins. Verkefnin eru að mestu bókleg. Nemendur koma 7 - 8 sinnum í kennslueldhús og vinna einföld verkleg verkefni.

Námsgögn

Heimilisfræði fyrir byrjendur.

Námsmat:

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á þessum þáttum.

Heimanám

Ekkert

Skólaíþróttir

Markmið í skólaíþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Meginmarkmið skólaíþróttanna er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttá- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttanna er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunaprofna.

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínreyfingar
- öðlist betra þrek og þol

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálssar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór.

Námsmat

Nauðsynlegt er að nemendur séu látnir taka þátt í stöðluðum prófum til að hægt sé að meta hreysti þeirra og byggja upp kennsluna á markvissan hátt.

Leiðsagnarmat er þegar kennarar meta getu nemenda jafnóðum, með stuttum einföldum æfingum og prófum og er það nýtt til að örva og hvetja nemendur við námið.

Námsmat er afhent í lok skólaárs.

Lokamatið samanstendur af eftirfarandi þáttum:

Niðurstöður úr æfingum og prófum, framkomu, dugnaði, vinnusemi og færni og framförum.

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti flotið á bringu og baki
- læri bringusundsfótatök
- læri skriðsundsfótatök
- læri skriðsund með froskalöppum
- læri baksund með froskalöppum
- geti kafað eftir hlut á 1 metra dýpi

Leiðir að markmiðum

Lögð áhersla á fjölbreyttar undirbúningsæfingar sem leggja grunninn að hinum hefðbundnu sundaðferðum. Í þessum æfingum er leitast við að ná tökum á að fljóta á bringu og baki, læra öndun og slaka á í vatninu, kafa eftir hlutum á botni laugar, fara í leiki sem efla þessa þætti. Að nemendur læri og æfi sundtökin jafnhliða því sem upp er talið.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori og byggist það á ástundun framkomu og virkni í tímum ásamt mati á því hvort nemendur hafi náð markmiðum vetrarins.

Tekið verður fram ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar.

Dans

Markmið í dansi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð með hreyfingum, persónulega upplifun sýna á tónlist
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tá og fram og aftur
- geti dansað einföld spor í nokkrum dönsum
- taki þátt í hreyfileikjum, gangi í röð, í hring og læri hoppspor
- læri að bjóða upp í dans
- kunni mismunandi dansstöður og hald

Efnisþættir

Systkinadans, tvö skref, enskur vals, Klappenade, Party polki, Cha cha frumspor, Samba frumspor, línudansar, tískudansar, dans ársins og ýmsir dansleikir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur bæði dansa saman og eiga þá að bjóða upp og einstaklingslega þegar það á við. Farið verður í hina ýmsu dansleiki þar sem nemendur virkja ímyndunarafl sitt og sköpunargleði.

Námsgögn

Ýmis tónlist.

Námsmat

Leiðsagnarmat í tímum.

Heimanám

Ekkert sérstakt heimanám en nemendur hvattir til að æfa heima ný spor.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemandi

- noti öll skilningarvit sín, þ.e. að hlusta, horfa, snerta og lykta
- njóti útiveru og hreyfingar
- kynnist nánasta umhverfi sínu og efli vitund og virðingu fyrir því
- læri að vinna með öðrum í leik og starfi
- efli félagsfæri sína

Efnisþættir

Stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, íslenska, kristinfræði, samskipti, leikir, hópefli, útivist, umhverfisvitund o.fl.

Leiðir að markmiðum

Unnin verða ýmis verkefni sem tengjast námsefninu hverju sinni í samræmi við námsmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í smáum hópum. Unnið er nánar/ítarlegar með ýmis verkefni síðar í skólanum.

Námsmat

Fylgst er með virkni og áhuga nemenda og fléttast matið inn í umsagnir í öðrum fögum.

Sérkennsla

Sérkennsla er eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Í skólanum er starfrækt námsver. Hlutverk þess er að styðja við nemendur og kennara. Í námsveri starfar sérkennari, kennari, talkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Nemendur fá sérkennslu ýmist í námsveri eða á vinnusvæðum þeirra. Þar er boðið upp á:

sérkennslu fyrir nemendur sem geta ekki fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá

stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar félagssfærniþjálfun

kennslu í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Talkennari skólans er Heba Hallsdóttir. Hún sér um talkennslu fyrir nemendur skólans. Heba starfar í Breiðagerðisskóla á þriðjudögum og er þá einnig til viðtals og veitir ráðgjöf fyrir þá foreldra sem þess óska.

Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með námsveri.

Deildarstjóri sérkennslu sér um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum í samvinnu við umsjónarkennara. Ennfremur leggur hann fyrir greinandi próf í lestri, stærðfræði og málþroska fyrir einstaka nemendur.

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar hans óski þeir eftir því.

Deildarstjóri sérkennslu er Kristín Pétursdóttir.

Sérstök áhersla er lögð á skimunarpróf nemenda sem eru að hefja skólagöngu sína. Þar vinnur saman teymi ýmissa fagaðila skólans. Teymið er skipað af sálfræðingi, námsráðgjafa, talkennara, íþróttarkennara, hjúkrunarfræðingi, sérkennara og kennurum 1. bekkjar.

Þau próf sem lögð eru fyrir 1.bekk eru:

framburðarpróf

Boehm hugtakaskilningspróf

Tove Krogh teikniverkefni

Læsi – skimun á lestrargetu. Lagt fyrir á haust og vorönn.

MOT – hreyfifærnipróf fyrir einstaka nemendur